

**29. fundur
byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 9. september 2009 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Guðlaugur Jónsson, Heiðar Jóhannsson, Aðalsteinn Magnússon, Ásgeir Jónsson, Sigurvin Hreiðarsson,

Fundargerð ritaði: Heiðar Jóhannsson

Dagskrá:

1. 0909035 - Umsókn um leyfi til breytinga á Miðtúni 13

Erindi frá Braga G. Gunnarssyni sækir hann um að breyta glugga á austurgafli á Miðtúni 13, setja hurð í staðin og smíða sólpall við austurgafli samkvæmt teikningu. Klæða austurgafli með steinklæðningu og loka og byggja yfir svalir og opna inni eldhús. Erindið samþykkt.

Aðalsteinn vék af fundi og varamaður hans tók sæti, Ásgeir Jónsson.

2. 0909034 - Umsókn um leyfi til breytinga á húsi

Erindi frá Aðalsteini Magnússyni. Sækir hann um að klæða norðaustur gafi hússins Móatúni 6 með kúptum panil og loka fyrir glugga upp undir þakkanti alls 9 glugga. Enfremur setja samsvarandi grindur og eru fyrir glugga á suðurgafli í fjóra glugga á norðvestur gafli og þrjá glugga á suðaustur hlið. Erindið samþykkt.

3. 0909033 - Umsókn um leyfi til að hækka þak á beitningagám

Umsókn frá Magnúsi Guðmundssyni þar sem hann sækir um fyrir hönd Njarðar ehf að hækka þak á gámabyggð á 5 m kafla um 60 sm til að koma fyrir frystiklefa.

Erindið samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:52
